

Miðvikudaginn 6. mars 1985.

Nr. 223/1982. **Páll Þ. Jónsson**

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

Óla G. Jónssyni f.h. ólögráða sonar hans,

Guðmundar Snorra Ólasonar

(Skarphédinn Þórisson hrl.)

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu stefndi áfrýjandi einnig fyrir Hæstarétt Ragnari J. Skúlasyni, sem var varnaraðili máls í héraði ásamt áfrýjanda, en áfrýjandi hefur engar kröfur haft uppi á hendur honum, og hann hefur engar kröfur gert. Verður að líta svo á, að áfrýjunarstefna á hendur Ragnari beri aðeins að virða sem tilkynningu til hans um, að héraðsdómi hafi verið áfrýjað.

Í lögregluskýrslu, dagsettri 29. febrúar 1980, sama dag og slysið varð, er það haft eftir drengjunum Helga Birgi Ásmundssyni og Hallgrími Færseth, að þeir hafi fundið hvellhettur eða skot utan við vinnuskúr við Hafnargötu 37 og eitt þeirra hefði Guðmundur Snorri Ólason sprengt. Naglaskot þau, er Helgi Birgir vísaði lögreglu á, voru rauð að lit, stærð 5,6 x 16. Eigi var þá kannað, hvort skot eða hvellhettur væri að finna í vinnuskúrnum eða við hann, en við leit 7. mars fannst í skúrnum dós með 38 naglabyssuskotum af stærðinni 6,3. Utan við skúrinn fundust engin skot. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 25. mars sögðust þeir Helgi Birgir og Hall-

grímur hafa fundið dós með skotum við verkfærakistu inni í býbyggingunni. Í þeirri dós hefði skot það verið, sem slysinu olli. Úr kistunni sögðust þeir hafa tekið aðra dós, en hent henni. Í skýrslu Guðmundar Snorra fyrir lögreglu 2. apríl hefur hann það eftir drengjunum, að þeir hafi fundið skotin á götu. Er Helgi Birgir og Hallgrímur komu fyrir dóm 26. maí 1982, kváðu þeir skot það, sem slysið hlaut af, hafa verið úr dós, sem þeir hefðu tekið úr verkfærakistunni. Hefur framburður drengjanna þannig verið á reiki um það, hvaðan umrætt naglabyssuskot var komið.

Áfrýjandi kveðst ekki árum saman hafa notað skot af þeirri gerð, sem hér er um að ræða. Telur hann í aðiljaskýrslu sinni óhugsandi, að slík skot hafi verið að finna í verkfærakistu hans, en við yfirheyrslu fyrir lögreglu hafði hann raunar eigi fortekið það. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að nein skot hafi horfið úr verkfærakistu sinni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er óvíst, hvar drengirnir hafa tekið umrætt naglabyssuskot, þótt líklegast sé, að þeir hafi fundið það annaðhvort í vinnuskúrnum eða við hann ellegar í nýbyggingunni. Eigi verður séð, að vinnuskúrin hafi verið að neinu leyti á vegum áfrýjanda né að hann hafi átt þar geymd naglauskot. Þykir þannig eigi í ljós leitt, að naglabyssuskot það, sem Guðmundur Snorri sprengdi, hafi verið frá áfrýjanda komið, þannig að hann verði gerður ábyrgur fyrir því tjóni, er af því hlaut. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Páll Þ. Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Óla G. Jónssonar f.h. ólögráða sonar hans, Guðmundar Snorra Ólasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Það er að vísu haft eftir drengjunum Hallgrími Færseth og Helga Birgi Ásmundssyni í skýrslu Þorgríms St. Árnasonar lögreglu-

manns, sem rituð var sama dag og stefndi slasaðist, að naglabyssu-skotið, er þeir fengu stefnda í hendur, hefðu þeir fundið ásamt fleiri skotum utan við vinnuskúr við Hafnargötu 37. Við vettvangskonnu 7. mars 1980 fundust engin skot fyrir utan skúrinn, en ein dós með skotum inni í skúrnum, sem þó voru annarrar gerðar en skot þau, sem drengirnir höfðu undir höndum eftir slysið. Í skýrslum sínum fyrir rannsóknarlögreglu 25. mars 1980 hurfu drengirnir frá fyrri frásögn sinni um fundarstað skotanna og viðurkenndu að hafa tekið tvær dósir með naglabyssuskotum við og úr ólæstri verkfærakistu inni í sjálfri nýbyggingunni, og í skýrslum sínum fyrir dómi héldu þeir við það, að þeir hefðu tekið skotin úr verkfærakistunni.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi varðveitt naglabyssuskot í verkfærakistu sinni inni í nýbyggingunni og enn fremur að hann hafi skilið við verkfærakistuna ólæsta, er hann þurfti að bregða sér frá um tíma daginn sem slysið varð. Hann hefur að vísu haldið því fram, að hann hafi notað svört og hvít skot á þessum tíma, en ekki rauð eins og þau, sem drengirnir Hallgrímur og Helgi Birgir höfðu undir höndum eftir slysið. Hann viðurkenndi þó fyrir rannsóknarlögreglu 26. mars 1980, að vera mætti, að í kistunni hefðu einnig verið innan um annað dót rauð skot. Þykir verða að leggja það til grundvallar, enda gaf hann ekki aðra skýringu á staðhæfingu sinni um hið gagnstæða í aðiljaskýrslu fyrir dómi en þá, að annaðhvort hefði verið „ranglega haft eftir honum af þeim, sem skýrsluna tók, eða þá að hann hafi skýrt ranglega svo frá við töku skýrslunnar“. Samkvæmt þessu og með vísun til áðurgreindrar frásagnar drengjanna Hallgríms og Helga Birgis um fundarstað skotanna verður við það miðað, svo sem héraðsdómari hefur gert, að stefndi hafi hlotið meiðsli sín af skoti, sem komið var úr verkfærakistu áfrýjanda.

Af skotunum gat stafað mikil hætta, ef börn kæmust yfir þau, eins og raun varð á. Nýbyggingin, sem áfrýjandi vann við, virðist hafa verið opin og auðveld inngöngu hverjum sem var. Mátti áfrýjandi því vænta, að börn kynnu að leita þangað og að þau færu sér að voða, ef þau kæmust yfir skotin. Verður að virða honum það til vangæslu, að hann skildi verkfærakistuna eftir ólæsta og eftirlitslausa í nýbyggingunni, er hann vék sér af vinnustað, svo sem hann gerði, og leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni stefnda vegna

þeirra meiðsla hans, sem til þessa verða rakin, enda verður ekki á það fallist, að þau hafi verið svo fjarlæg afleiðing af umræddri vanhirðu, að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum stefnda af þeirri ástæðu.

Staðfesta ber einnig úrlausn héraðsdómara um, að stefndi hafi mátt gera sér grein fyrir því, að háskalegt var að slá á skotið með steini, svo sem hann gerði, og verði hann því að bera hluta tjóns síns sjálfur. Þykir hæfilegt, þegar litið er til aldurs stefnda og annarra atvika, að áfrýjandi bæti honum tjón hans að $\frac{2}{3}$ hlutum, en sjálfur beri hann það að $\frac{1}{3}$ hluta, svo sem héraðsdómari dæmdi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa laun og verðlag hækkað til muna. Standa ekki efni til að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun bótafjárhæðar frá því, sem dæmt var í héraði. Tel ég því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir verði 31% ársvextir frá 29. febrúar 1980 til 1. júní s.á., 42,5% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981 og 37% ársvextir frá þeim degi til þingfestingardags, 16. september 1981, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 2. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. maí sl., er höfðað af Óla G. Jónssyni, Smáratúni 34, Keflavík, vegna ófjárráða sonar síns Guðmundar Snorra, til heimilis sama stað, með stefnu, birtri 15. september 1981, gegn Ragnari Skúlasyni, Lyngholti 18, og Páli Þ. Jónssyni, Smáratúni 35, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 297.144,00 með 42,5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1980 til 1.6. s.á, en frá þeim degi með dómvöxtum skv. 1. mgr. 1. gr. l nr. 56/1979 um dómvexti til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins 25. ágúst 1981.

Dómkröfur stefnda Ragnars eru þær aðallega, að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega

lækkuð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda á grundvelli gjaldskrár L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda Páls eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af stefnukröfum. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfum, og í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttatilaunir voru reyndar án árangurs.

II.

Málavextir.

Föstudaginn 29. febrúar 1980 kom Óli G. Jónsson á lögreglustöðina í Keflavík og tilkynnti, að sonur sinn Guðmundur Snorri hefði slasast, er hann hefði sprengt hvellhettu fyrr þann sama dag. Óli nefndi nafn Hallgríms Færseth, f. 28.4.1969, Heiðargarði 1, Keflavík, sem verið hefði með syni sínum, er atburðurinn átti sér stað.

Lögreglumenn höfðu tal af Hallgrími og einnig Helga Birgi Ásmundssyni, f. 12.4.1969, Heiðargerði 6, Keflavík, sem verið hafði með Guðmundi Snorra og Hallgrími. Þeir kváðust hafa fundið naglaskot fyrir utan vinnuskúr við nýbygginguna Hafnargötu 37, Keflavík. Síðan hefðu þeir hitt Guðmund Snorra á leikvelli við Miðtún og hefði hann sprengt eitt skot með því að lemja á það með steini. Afleiðingar sprengislyss þessa urðu þær, að hægra auga Guðmundar Snorra skaddaðist svo, að hann missti algjörlega sjón á því.

Rannsókn á slysi þessu hefur leitt í ljós, að drengirnir Hallgrímur og Helgi Birgir hafa annaðhvort fundið naglaskotin fyrir utan vinnuskúr við bygginguna að Hafnargötu 37 hér í bæ eða inni í sjálfri byggingunni. Skotin segjast þeir hafa fundið við ólæsta verkfærakistu og hafi þau verið mörg í dós og önnur dós hafi verið í kistunni sjálfri.

Föstudaginn 7. mars 1980 rannsakaði lögreglan í Keflavík vinnuskúrinn við Hafnargötu 37, vegna þess að þeir töldu þá, að skotin hefðu fundist þar. Fannst þar nokkurt magn naglaskota, og er því lýst í lögregluskýrslu, sbr. dskj. nr. 3.

Í lögregluskýrslu frá 25. mars 1980 telja drengirnir sig hafa fundið skotin inni í sjálfu húsinu. Hér fyrir dómi hafa þeir einnig fullyrt, að þeir hafi fundið skotin í ólæstri verkfærakistu inni í byggingunni.

Meiðsli Guðmundar Snorra Ólasonar af völdum slyssins voru, eins og áður greinir, að hann missti að fullu sjón á hægra auga. Varanleg örorka hans vegna þessara meiðsla hefur verið metin 25%. Er örorkumatið framkvæmt af Jónasi Hallgrímssyni lækni 26.7.1981. Þórir Bergsson, cand. act., hefur reiknað út örorkutjón drengsins á grundvelli örorkumatsins.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis segir m.a svo:

“Guðmundur Snorri hefur hlotið varanlega örorku af slysinu. Hann hefur misst alla sjón á vinstra (sic.) auga og augað er ónýtt og samfallið þannig að segja má að augað hafi í rauninni tapast.

Örorka Guðmundar vegna slyssins er því metin 25% varanleg frá slysinu“.

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón Guðmundar Snorra. Í bréfi, dags. 13. apríl 1981, segir m.a. svo:

„Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps reiknast nema á slysdegi:

Ársvextir frá 1. júní 1980	5%	7%	9%	13%
Verðmæti taps	232.144	156.725	111.662	64.552

Um er að ræða beint framtíðartap.

Athugasemd

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á að í útreikningunum er vinnutekjutap áætlað samkvæmt hreinu læknisfræðilegu mati á örorku, en slíkt mat er ótryggur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap og getur þá verið um að ræða of eða vanmat“.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Örorkutjónið	kr. 232.144,00
2. Þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum	“ 60.000,00
3. Fyrirhöfn og útgjöld heimilis	“ 5.000,00
	kr. 297.144,00

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að umrædd sprengiskot hafi verið mjög vangeymd, þar sem þau voru látin liggja fyrir utan opinn verkfærakassa án eftirlits og gæslu, annaðhvort í ólæstum vinnuskúr eða þá í opinni nýbyggingu, sem börn áttu greiðan aðgang að. Slík vangeymsla byði upp á mikla hættu, því vitað sé, að börn sækja mjög að nýbyggingum til leikja. Börn geri sér enga grein fyrir hættueiginleikum sprengiskota. Börnin hafi átt greiðan aðgang að þessu sprengiefni og engin tilraun hafi virst hafa verið gerð til að geyma sprengiskotin, þar sem óviðkomandi næðu ekki til.

Þeir, sem hafi byggt, og þeir, sem hafi atvinnu af því að byggja, viti vel, að erfitt geti verið að halda börnum frá nýbyggingum. Gera verði þá

kröfu til þessara aðilja, að hættuleg efni séu geymd þannig, að börn komist alls ekki til þeirra.

Stefnandi telur framangreindar málsástæður og rök beinast að báðum aðiljum. Hvað Pál Þ. Jónsson varðar fyrir þá sök að hafa átt sprengiskotin og notað, og fyrir það hirðuleysi að skilja þau við og í opinni verkfærakistu. Hvað Ragnar Skúlason varðar fyrir þá sök að hafa átt nýbygginguna og vinnuskúrinn, verið með Pál Þ. Jónsson í vinnu sem byggingameistara/trésmið og sem slíkur sé hann ábyrgur fyrir mistökum launþega síns í samræmi við húsbóndaregluna svokölluðu. Ennfremur að Ragnar hafi vitað eða mátt vita um notkun Páls á naglabyssunni og gera verði þá kröfu til hans sem húsbýggjanda, að hann útvegi góða geymslu fyrir hættuleg verkfæri, sem geymd eru á vinnustað. Ljóst sé, að vinnuskúr Ragnars hafi staðið opinn og ekki sé vitað um aðra læsta geymslu, sem hefði getað þjónað þeim tilgangi.

Þá telur stefnandi, að meðsök drengsins Guðmundar Snorra komi ekki til greina. Hann hafi ekki átt þátt í töku naglaskotanna. Hann hafi fengið þau í hendur fyrir tilviljun og ekki sé hægt að ætlast til þess, að hann, nýorðinn 10 ára gamall, geti gert sér grein fyrir hættueiginleikum þeirra skota, sem honum bárust í hendur. Drengurinn eigi því að fá tjón sitt af völdum slyssins bætt að fullu úr hendi stefndu.

Í málflutningi sínum féll lögmaður stefnanda frá þeirri kröfu, að stefndi Ragnar yrði gerður ábyrgur fyrir tjóninu á grundvelli reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Var málið gegn honum því einungis flutt á þeim grundvelli, að hann bæri ábyrgð á grundvelli reglna um ábyrgð fasteignareiganda.

Sýknukrafa stefnda Ragnars byggist á því, að skot það, sem slysinu olli, hafi hvorki verið eign hans, í vörslum hans né á hans ábyrgð. Hafi drengirnir tekið skotið úr húsinu Hafnargötu nr. 37, þá hafi það verið eign Páls Þ. Jónssonar, byggingameistara hússins. Það verði ekki leitt af neinni settri lagareglu, dómvenju eða öðrum réttarheimildum, að stefndi Ragnar eigi að svara bótum vegna slyss þessa. Eigi því alfarið að sýkna hann. Stefndi hafi ekki atvinnu af því að byggja hús eða hagnað af slíkri starfsemi. Þá verði eigi séð, hvaða sök felist í því að hafa átt nýbyggingu þá, sem skotin fundust í. Páll Þ. Jónsson byggingameistari hafi verið sjálfstæður framkvæmdaaðili, sérfróður um húsbýggingar, og á þau tæki og tól, sem slíkum framkvæmdastörfum fylgja. Það hafi eingöngu verið í verkahring Páls, en ekki stefnda Ragnars, að útvega góðar geymslur fyrir verkfæri þau, er hann á og notar.

Þá telur hann mega taka undir sjónarmið meðstefnda Páls um það, að slysatburðurinn sé orðinn það fjarlægur eignaraðild, vörslum og ábyrgð skotanna, að ekki sé með nokkurri sanngirni hægt að leggja fébótaábyrgð

á stefndu í máli þessu. Skotin hafi verið tekin ófrjálsri hendi og afhent þriðja aðilja, sem skaðar sig á þeim.

Sýknukrafan er og studd þeim rökum, að fella beri bótarétt alveg niður vegna eigin sakar Guðmundar Snorra.

Þegar litið sé til þess, að drængurinn var orðinn 10 ára á slysdegi, og ennfremur þess, að félagar hans, sem létu hann hafa skotið, vöruðu hann við hættueiginleikum þess, þá sé ljóst, að eigin sök Guðmundar Snorra sé svo mikil, að hann hafi gjörsamlega fyrirgert bótarétti sínum.

Sýknukrafa stefnda Páls P. Jónssonar byggist í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að umrætt skot sé frá honum. Er drengirnir Hallgrímur og Helgi hafi fyrst verið spurðir, hvar þeir hefðu fengið skotin, hafi því verið svarað, að þeir hefðu fundið þau fyrir utan vinnuskúr að Hafnargötu 37, Keflavík. Stefndi hafi aldrei geymt skot sín í eða við vinnuskúr þennan. Er lögreglan hafi kannað aðstæður við skúrinn 7.3.1980, hafi fundist nokkrir tugir skota í honum auk skotnagla í Hilti byssur. Skúrinn hafi þá verið ólæstur. Byggingameistari hússins Hafnargötu 37 á undan stefnda hafi verið Guðbjartur Daníelsson. Hann hafi notað Hilti ásláttarbyssu við smíðarnar. Stefndi noti hins vegar Ramset byssu.

Ef vikið sé að gerð umræddra skota, þá komi eftirgreint fram í lögregluskýrslum: Skot þau, sem afgangs voru og piltarnir afhentu lögreglunni, hafi verið af gerðinni LECCO, stærð 5,6 x 16 með rauðu skoti. Skot þau, sem fundust í vinnuskúrnum, hafi verið af gerðinni SINOXID Cal 6,3 k með grænu merki. Skot þau, sem áður nefndur Guðbjartur kveðst nota, séu aðallega HILTI 6,3 mest gul. Skot þau, sem stefndi kveðst nota, séu af stærðinni 5,6 og nær eingöngu svört og hvít. Séu þessar lýsingar á skotunum réttar, þá vakni óneitanlega sú hugmynd, að piltarnir segi ekki rétt til um, hvar þeir fundu skotin. Hvorugur byggingameistaranna noti skot eins og piltarnir voru með, og við leit í skúrnum finnst einnig önnur tegund en þeir voru með. Rétt sé að benda á, að þeir hafi verið tvísaga um, hvar þeir fundu skotin. Er lögregla hafi spurt þá um skotin á slysdegi 29. febrúar 1980, kváðust þeir hafa fundið þau fyrir utan vinnuskúrinn að Hafnargötu 37, Keflavík. Er þeir voru spurðir aftur mánuði síðar, kváðust þeir hafa fundið skotin við verkfæratösku stefnda í nýbyggingunni Hafnargötu 37. Ef fyrri framburður þeirra sé rangur, hafi þeir þurft að ræða saman þegar eftir slysið til að samræma framburði. Slíkt væri þó ótrúlegt, þar sem piltarnir hafi að líkindum ekki vitað, að nokkurt slys hefði orðið af völdum sprenginganna.

Líkurnar bendi því frekar til þess, að síðari framburður piltanna sé rangur, þ.e. að þeir hafi fundið skotin við verkfæratösku stefnda inni í húsinu. Þeir hafi líka haft nógan tíma til að samræma þann framburð sinn, þar sem síðari skýrslutaka af þeim hafi farið fram 25. mars 1980.

Teljist þrátt fyrir allt sannað, að skot það, sem olli slysinu, hafi verið eign stefnda, telur stefndi ímt ekki, að hann beri ábyrgð vegna slyssins. Samkvæmt almennu skaðabótareglunni þurfi að uppfylla skilyrði um ásetning eða gáleysi svo og þurfi slysið að vera sennileg afleiðing ásetnings eða gáleysis. Fram komi í framburðum stefnda og meðstefnda Ragnars Skúla-sonar, að verkfærakista stefnda hafi að heita má alltaf verið læst. Mótmæli-ir hann því, að piltarnir hafi komið að henni ólæstri í umrætt sinn. Hafi hún verið opin, þá hafi einhver brotið hana upp og verði stefndi ekki dæmdur fyrir það. Hann hafi augsýnilega geymt skotin á þann hátt sem fullnægjandi geti talist miðað við aðstæður. Jafnframt megi geta þess, að umrædd nýbygging sé við mestu umferðargötu Keflavíkur og slysið hafi orðið á föstudegi, en þá tvöfaldist umferð um götuna. Því megi ætla, að umferð fólks um hana valdi því, að ekki þyrfti að leggja alveg eins mikla áherslu á traustar geymslur. Innbrotspjófar ættu greinilega óhægt um vik að stunda iðju sína óséðir við þessar aðstæður.

Eins og fram hafi komið, hafi stefnandi fengið skotið að líkindum á leikvelli við Miðtún í Keflavík. Sá leikvöllur sé langt frá Hafnargötu 37. Sé ekki unnt að leggja skaðabótaábyrgð á stefnda vegna umræddra skota, hvar sem þau yllu slysi. Þessi skot gætu borist á enda veraldar og valdið þar slysi. Full langsótt væri að telja stefnda ávallt skaðabótaskyldan. Hér sé um að ræða stigsmun, en ekki eðlis. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að ef hann teljist bera skaðabótaskyldu vegna slyssins, verði stefnukröfur stórlega lækkaðar, vegna þess að telja beri stefnanda sjálfan bera meginsök á slysi þessu. Hann hafi átt að vita, að svona skot væru ekki nein leikföng. Félagar hans hafi varað hann við að sprengja skotið á þann hátt sem hann gerði. Engu að síður hafi hann barið á skotið með steini og slysið varð. Hefði hann farið að eins og hinir piltarnir, þ.e. hent steini í skotið, sé næsta víst, að hann hefði sloppið ómeiddur.

Varðandi fjárhæð tjónsins hefur stefnandi m.a. gert grein fyrir kröfum sínum eins og hér segir: Varðandi 1. tl. bendir hann á, að stefnandi sé 25% öryrki og hluti stefnufjárhæðar sé miðaður við útreikning Þóris Bergs-sonar.

Varðandi 2. tl. — Stefnandi verður blindur á öðru auga um aldur og ævi og álag á heilbrigða augað meira.

Varðandi 3. tl. — Ljóst sé, að slys þetta hafi haft í för með sér mikið álag á foreldra Guðmundar Snorra. Þau búi í Keflavík og hafi þurft að sækja alla lækniþjónustu til Reykjavíkur vegna drengsins. Auk fyrirhafn-arinnar og kostnaðar við akstur megi nefna sérstaka umönnun, sem á þeim mæddi eftir slysið.

Af hálfu stefnda Ragnars er útreikningi, sem 1. tl. bótakröfunnar miðast við, mótmælt sem allt of háum og órökstuddum. Hann bendir á, að árleg

ávöxtun fjár sé miklu meiri en ráð sé fyrir gert í nefndum útreikningi. Þá er 2. tl. bótakröfunnar einnig mótmælt sem allt of háum og ekki í nokkru samræmi við dómvenju. Þá er síðasta lið bótakröfunnar jafnframt mótmælt sem röngum og ósönnuðum auk þess sem eigi verði séð, að kröfuliður þessi eigi nokkra lagastöð.

Af hálfu stefnda Páls Þ. Jónssonar er 1. tl. bótakröfunnar mótmælt sem of háum. Þarna sé ekkert tillit tekið til þess hagræðis, sem stefnandi hefði af því að fá bætur greiddar í einu lagi, né til skattfrelsis bótagreiðslu. Þá beri einnig að lækka bætur þar sem stefnukrafan miðast við, að ársvextir séu aðeins 5%, þó að dómvenja sé fyrir 13% ársvöxtum. 2. tl. mótmælir stefndi sem allt of háum og örökstuddum. 3. tl. mótmælir stefndi sem röngum, ósönnuðum og allt of háum.

IV.

Álit dómsins.

Sannað er í málinu, að Guðmundur Snorri Ólason slasaðist við að sprengja naglabyssuskot, sem hann fékk hjá vinum sínum, Hallgrími Færseth og Helga Birgi Ásmundssyni. Drengirnir Hallgrímur og Helgi kváðust hafa tekið skotin við verkfæraskúr við nýbygginguna að Hafnargötu 37, er þeir voru spurðir af lögreglu stuttu eftir slysið. Síðar breyttu þeir þessum framburði, og hér fyrir dómi hafa drengirnir báðir fullyrt að hafa tekið skotin í verkfærakistu inni í nýbyggingunni.

Stefndi Páll Þ. Jónsson kveðst ekki hafa notað skot eins og það, sem slysinu olli, í langan tíma. Í lögregluskýrslu segir hann hins vegar, að hann hafi átt slík skot, en breytir þeim framburði fyrir dómi og segist þá aldrei hafa átt slík skot.

Leggja verður til grundvallar í málinu, að framburður drengjanna Hallgríms og Helga sé réttur, þó að hann sé ekki sá sami frá upphafi til enda. Drengirnir tóku skotin ófrjálsri hendi úr verkfærakistu, er var inni í húsinu, og hafa vafalaust viljað draga úr skömminni af þessu athæfi og því sagt ranglega frá í fyrstu, en þegar á herti, kemur sannleikurinn í ljós. Þegar af þessari ástæðu verður það lagt til grundvallar í máli þessu, að skotin hafi verið tekin úr verkfærakistu Páls Þ. Jónssonar inni í nýbyggingunni að Hafnargötu 37 og að Páll hafi verið eigandi skotanna.

Stefndi Ragnar Skúlason gerði verksamning um byggingu hússins að Hafnargötu 37 við Pál Þ. Jónsson byggingameistara. Ragnar kveðst ekki hafa vitað um, að slík skot væru geymd í nýbyggingunni, og ekki hafi hann átt slík skot sjálfur.

Í íslenskum rétti eru hvorki sett lagaákvæði né aðrar réttarheimildir, sem leggja hlutlæga ábyrgð á eiganda fasteignar. Ekki verður heldur séð, að dómvenja hafi skapast, er leggi slíka ábyrgð á menn. Er það því álit dóms-

ins, að Ragnar beri enga ábyrgð á slysi því, sem um ræðir í máli þessu. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Skv. framansögðu er það lagt til grundvallar í máli þessu, að skotin hafi verið eign stefnda Páls P. Jónssonar og að þau hafi verið geymd í verkfærakistu inni í nýbyggingunni, þaðan sem drengirnir Hallgrímur og Helgi tóku þau.

Páll hefur borið hér fyrir dómi, að daginn, sem slysið varð, hafi hann farið frá og skilið verkfærakistuna eftir opna á meðan.

Húsið stendur við mikla umferðargötu, og auðvelt var fyrir óviðkomandi að komast þar inn. Alkunna er, að börn sækja mikið í nýbyggingar í leikjum sínum, og oft getur verið erfitt að hindra slíkt. Því verður að gera þá kröfu til þeirra, sem byggja hús, að hættuleg efni séu geymd þannig, að börn komist alls ekki til þeirra. Það var því mikið hirðuleysi af hendi Páls að skilja kistuna eftir ólæsta og án eftirlits, þegar hann fór frá. Páll hefði mátt ætla, að börn færu inn í bygginguna, þess vegna bar honum að gera þær öryggisráðstafanir, sem voru í hans valdi. Það gerði hann ekki. Drengirnir gátu tekið skotin óhindrað, og slys hlaut af.

Af þessum ástæðum er það álit dómsins, að Páll beri ábyrgð á tjóninu.

Sannað þykir af framburði drengjanna Hallgríms og Helga, að þeir hafi varað Guðmund Snorra við, áður en hann sprengdi skotið, og sagt honum, að hann bæri ábyrgðina á því.

Almennt verður að telja, að 10 ára börn geri sér einhverja grein fyrir þeirri hættu, sem er samfara því að leika sér að hættulegum hlutum, þar með talið sprengjum.

Eftir atvikum þykir því hæfilegt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur að einum þriðja hluta.

Bótafjárhæðin.

Að framan er getið málsraka aðilja varðandi einstaka kröfuliði bótakröfunnar.

Um tl. 1.

Þegar öll atriði þessa kröfuliðs eru virt í heild, þykir verða að taka tillit til hagræðisins af eingreiðslu bóta og þess, að þær eru undanþegnar tekju-skatti og tekjuútsvari. Með tilvísun til þess teljast bætur hæfilega ákveðnar kr. 190.000,00 samkvæmt þessum lið.

Um tl. 2.

Hér að ofan hefur áverka þeim, sem Guðmundur Snorri Ólason hlaut, verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þegar öll atvik eru virt og málsrök, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 40.000,00.

Um tl. 3.

Bætur samkv. þessum tölulið teljast hæfilega ákveðnar kr. 2.500,00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi Páll Þ. Jónsson verður dæmdur til að greiða stefnanda tvo þriðju af kr. 190.000,00 + 40.000,00 + 2.500,00, þ.e. kr. 155.000,00 með 42,5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1980 til 1.6. s.á., en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Eftir þessum málslokum þykir rétt að dæma stefnda Pál Þ. Jónsson til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til handa stefnanda ákvarðast kr. 18.286,00 og greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Skarphéðni Þórisssyni hæstaréttarlögmanni, í talsmannslaun kr. 16.100,00.

Stefndi Páll Þ. Jónsson greiði kr. 18.286,00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Málskostnaður vegna þáttar stefnda Ragnars Skúlasonar og stefnanda fellur niður.

Sveinn Sigurkarlsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Páll Þ. Jónsson greiði stefnanda, Óla G. Jónssyni vegna ó-fjárráða sonar hans, Guðmundar Snorra, kr. 155.000,00 með 42,5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1980 til 1.6. s.á., en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Stefndi Páll Þ. Jónsson greiði og málskostnað, kr. 18.286,00, er renni í ríkissjóð. Málskostnaður stefnanda, kr. 18.286,00, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Skarphéðni Þórisssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 16.100,00 í málflutningslaun.

Stefndi Ragnar Skúlason skal sýkn vera af kröfum stefnanda, en málskostnaður vegna þáttar stefnda Ragnars Skúlasonar og stefnanda fellur niður.